

Fundargerð sjöunda aðalfundar Upplýsingar – Félags bókasafns- og upplýsingafræða 16. maí 2006 í Bókasafni Seltjarnarness.

Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hún tilnefndi Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur sem fundarstjóra og Áslaugu Óttarsdóttur og Sigurbjörgu Björnsdóttur sem fundarritara. Fundurinn samþykkti tilnefninguna og tók Ingibjörg við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

a) Skýrsla stjórnar.

Þórdís T. Þórarinsdóttir kynnti skýrsluna en hana höfðu fundarmenn áður fengið í hendur. Alls voru haldnir 20 stjórnarfundir á árinu. Á þessu ári hafði félagið keypt nýtt húsnæði og þeim skiptum fylgdi töluverð vinna. Fundargestir virtust ánægðir með störf stjórnarinnar og fram kom að félagið héldi uppi metnaðarfullu starfi.

b) Skýrslur hópa og nefnda.

Fanney Sigurgeirsdóttir gjaldkeri flutti skýrslu Ferðasjóðs Upplýsingar. Varðandi skýrslur annarra hópa sagði Vala Nönn Gautsdóttir varaformaður að þær myndu birtast í Fregnum. Engar fyrirspurnir komu fram.

c) Reikningar félagsins.

Fanney Sigurgeirsdóttir gerði grein fyrir ársreikningum félagsins. Fram kom að vegna húsnæðiskaupa og sölu hafi verið leitað til endurskoðanda vegna frágangs ársreikninga. Sæmundur Valdimarsson hjá Endurskoðunarskrifstofu KPMG annaðist það starf. Ákveðið var að afskrifa gömul útistandandi árgjöld.

Efnahagsreikningur: Skuldir og eigið fé samtals kr. 7.160.551,-

Rekstrarreikningur: Tekjur kr. 7.118.662,-

Gjöld “ 6.211.065,-

Tekjur umfram gjöld kr. 907.597,-

Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

d) Fjárhags og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.

Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður gerði grein fyrir framkvæmdaáætlun ársins 2006-2007. Fjárhagsáætlun til að framfylgja þeirri framkvæmdaáætlun hljóðar upp á kr. 3.900.000,-. Stærsti liðurinn þar er vegna reksturs skrifstofu og húsnæðis en nauðsynlegt er að gera einhverjar breytingar á hinu nýja húsnæði. Lilja Ólafsdóttir benti á varðandi húsnæðiskaup þá hafi ekki verið neitt val um áframhaldandi samstarf við BHM og þar af leiðandi varð félagið að kaupa nýtt húsnæði.

e) Árgjald fyrir 2007.

Fanney Sigurgeirsdóttir gjaldkeri mælti með því **fyrir hönd stjórnar** að árgjald yrði óbreytt á næsta ári.

f) Lagabreytingar.

Svava H. Friðgeirsdóttir kynnti tillögur um breytingar á lögum félagsins.

5. grein Stjórnarkjör

Í stað málgreinarinnar: *Heimilt er að framlengja þriðja kjörtímabil formanns, varaformanns og stjórnarmanna um eitt ár.*

Komi:

Að loknum þremur kjörtímabilum formanns, varaformanns og stjórnarmanna er heimilt að kjósa þá til eins árs í senn.

Eftir málgreininna bætist eftirfarandi ný málgrein: *Úr stjórn gangi að hámarki þrjú stjórnarmenn hverju sinni.*

Ástæðan fyrir þessari breytingartillögu er sú að mjög erfitt reyndist að fá fólk til að starfa í stjórninni. Upplýsinganefnd sendi frá sér auglýsingar tvisvar en fékk engin viðbrögð.

Nokkrar umræður spunnust um breytingartillöguna og var bent á að hún gæti verið hættuleg því fáir vildu bjóða sig fram gegn sitjandi stjórn. Varðandi viðbótina var bent á það hvort hægt væri að skylda fólk til stjórnarsetu. Tillögurnar voru samþykktar með miklum meiri hluta greiddra atkvæða.

6. grein Stjórnarfundir

Í stað málgreinarinnar: *Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir sé meirihluti stjórnar mættur. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.*

Komi:

Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir sé meirihluti stjórnar mættur. Ef til atkvæðisgreiðslu kemur ræður meirihluti úrslitum mála þó þannig að atkvæði formanns er tvígilt og jafnframt oddaatkvæði.

Eftirfarandi breytingartillaga kom frá Guðrúnu Pálsdóttur.

Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir sé meirihluti stjórnar mættur. Séu jafnmörg atkvæði með og á móti ræður atkvæði formanns úrslitum.

Tillagan var samþykkt með breytingartillögu.

g) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.

Svava H. Friðgeirsdóttir gerði grein fyrir störfum uppstillinganefndar. Hún kynnti þá sem gefið höfðu kost á sér í stjórn: Þórdís T. Þórarinsdóttir til formanns og Hulda Björk Þorkelsdóttir til varaformanns. Aðrir í stjórn: Þóra Jónsdóttir, Óskar Guðjónsson og Anna Elín Bjarkadóttir og Svava H. Friðgeirsdóttir varamaður í stjórn. Allir frambjóðendur nema Anna Elín voru á fundinum.

Fundarstjóri auglýsti eftir frekari framboðum og síðan var gengið til atkvæðagreiðslu. Allir frambjóðendur hlutu kosningu.

h) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Svava H. Friðgeirsdóttir kynnti frambjóðendur en það voru Nanna Lind Svavarsdóttir og Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir. Þær hlutu kosningu.

Þórdís T. Þórarinsdóttir bað um orðið og afhenti fráfarandi stjórnarmeðlimum gjafir og þakkaði framlag þeirra í þágu félagsins.

i) Kosning í nefndir.

Í ritnefnd Bókasafnsins var kosin Martha Richard en ekki þurfti að kjósa í aðrar fastanefndir þar sem samþykkt var á síðasta aðalfundi að kjör í fastanefndir væri

til tveggja ára. Heildarlisti yfir þá sem starfa í þágu félagsins í stjórn, nefndum og/eða sem fulltrúar félagsins verður birtur í næstu Fregnum.

Breytingar á öðrum starfsnefndum Upplýsingar: NVBF hefur verið lagt niður.

Fulltrúar Upplýsingar hjá arftaka NVBF verða Hrafnhildur Hreinsdóttir og varamaður hennar Þóra Gylfadóttir.

j) **Önnur mál.**

- 1) Þórdís T. Þórarinsdóttir afhenti viðurkenningu fyrir bestu íslensku frumsömdu fræðibókina. Valin var bókin *Lagarfljót. Mesta vatnsfall Íslands. Staðhættir, náttúra og saga* eftir Helga Hallgrímsson sem Skrudda gefur út. Ívar Gissurarson fulltrúi útgáfu tók á móti viðurkenningunni. Engin íslensk fræðibók fyrir börn stóðst lágmarkskröfur Upplýsingar.
- 2) Samþykkt var að hækka þóknun fyrir stjórnarstörf. Formaður fengi kr. 75.000,- og aðrir stjórnarmenn kr. 50.000,-
Þórdís T. Þórarinsdóttir flutti lokaorð og þakkaði traust og samstarf liðinna ára. Hún lagði ríka áherslu á að hún hefði ekki í huga að halda áfram sem formaður næsta ár. Hvatti félagsmeðlimi eindregið til að bjóða sig fram til stjórnarstarfa. Fundarstjóra og riturum voru færð blóm. Boðið upp á léttar veitingar.

Fundi slitið kl. 17:15